



Ábyrgð Toro

Takmörkuð ábyrgð

Samantektarlýsing

Toro Company lofar, að eigin vali, að gera við eða skipta út Toro-vörinni hér á eftir vegna efnis- eða smíðagalla yfir það tímabil sem gefið er upp hér á eftir.

Toro veitir enga aðra beina ábyrgð. Framleiðandi vélar eða rafhlöðu kann að bjóða upp á sérstaka ábyrgð og/eða sértæka ábyrgð fyrir útblásturskerfið. Fylgiskjöl fylgja með vörinni, eftir því sem við á.

Vörur og ábyrgðartímabil

Eftirfarandi tímabil eiga við frá upphaflegri kaupdagsetningu:

Vörur	Ábyrgðartímabil
Allar vörur (að undanskildum vörum hér að neðan)	2 ár eða 1.500 vinnustundir ¹
Loftunartæki	2 ár eða 500 vinnustundir ¹
Turf Pro og Range Pro línur	2 ár
Framhjól, snúningsliðir framhjóla, öxlar, legur, legur í skurðarhaus, pantógrafar, lyftijakkar	1 ár

¹Hvort sem kemur fyrir.

Endurhlaðanleg lithium-jón rafhlaða er ábyrgðarskyld gegn göllum í efni og framleiðslu í þann fjölda ára sem tilgreindur er í töflunni hér að neðan. Með tímanum dregur úr orkugetu rafhlöðu (MWh) sem er tiltæk við fulla hleðslu. Orkunotkun er breytileg eftir notkun, aukabúnaði, grassverði, undirlagi, stillingum og hitastigi.

Vörur	Ábyrgðartímabil
Toro HyperCell® rafhlaða	
Vista® skutla	5 ár eða 1,5 MWh ¹
Workman® lithium nytjaðkutæki	5 ár eða 1,5 MWh ¹
Greensmaster® eTriFlex® 3370 dráttarvél	4 ár eða 1,5 MWh ¹
Groundsmaster® e3200 and e3300 dráttarvél	4 ár eða 1,5 MWh ¹
GreensPro® 1700 sléttunarvél fyrir grasflátir	4 ár eða 1,5 MWh ¹
Rafhlaða sem ekki er frá Toro	
Greensmaster eFlex® 1021, e1021, and e1026 Greensmower	8 ár eða 0,9 MWh ²

¹Hvort sem kemur fyrir. Tilgreind MWh-orka á við um hverja einstaka rafhlöðu.

²Ábyrgð á rafhlöðum sem ekki eru framleiddar af Toro er veitt af viðkomandi rafhlöðuframleiðanda.

Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Þú berð ábyrgð á að tilkynna dreifingaraðila eða vottuðum söluaðila sem þú keyptir vöruna frá um ábyrgðartilvik um leið og það kemur í ljós. Ef þú þarfnast aðstoðar við að finna næsta dreifingaraðila eða vottaða söluaðila eða ef þú hefur spurningar um ábyrgðarréttindi þín eða skyldur geturðu haft samband við okkur á:

Commercial Products Service Department
The Toro Company
8111 Lyndale Avenue South
Bloomington, MN 55420-1196
Netfang: commercial.warranty@toro.com

Skyldur eiganda

Það er á þína ábyrgð að halda Toro-vörinni við í samræmi við eftirfarandi viðhaldsferli sem lýst er í *notendahandbókinni*. Slíkt reglubundið viðhald, hvort sem það er í höndum söluaðila eða þín, er á þinn kostnað. Íhlutir sem skipta þarf um í tengslum við reglubundið viðhald („varahlutir“) falla undir ábyrgð fram að þeim tíma sem skipta þarf um þá samkvæmt reglubundnu viðhaldi.

Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Bilanir sem rekja má til notkunar varahluta sem ekki eru frá Toro, eða til breytinga á Toro-vörumerktum hlutum, eða vegna uppsetningar og notkunar á viðbótum eða breyttum aukahlutum og vörum frá öðrum framleiðendum en Toro.
- Bilanir í vöru sem rekja má til þess að ráðlögðu viðhaldi og/eða stillingum var ekki sinnt.
- Bilanir í vöru sem rekja má til misnotkunar, hirðulausrar eða ógætilegrar notkunar.
- Íhlutir sem slitna við eðlilega notkun. Þar á meðal, en ekki takmarkað við, hemlaklossar og -borðar, kúplingsborðar, hnífar, kefli, rúllur og legur (einangraðar og smurðar), fastir hnífar, kerti, eltihjól og legur, hjólborðar, síur, reimar og tilteknir úðaraíhlutir á borð við himnur, stúta, straummæla og einstefnuloka.
- Bilanir vegna utanaðkomandi áhrifa, þar á meðal, en ekki takmarkað við, veðurs, geymslu, óhreinninda, notkunar ósamþykks eldsneytis, kælivökva, smurefna, íblöndunarefna, áburðar, vatns eða iðefna.
- Bilanir eða skert afköst vegna notkunar eldsneytis (t.d. bensíns, dísilolíu eða lífdísils) sem ekki uppfyllir þá staðla sem tilgreindir eru í *notendahandbókinni*.
- Eðlilegan hávaða, titring, slit eða tæringu. Eðlilegt slit telst t.d., en er ekki takmarkað við, skemmdir á sætum vegna notkunar, slit á máluðum flötum, rispur á merkingum eða rúðum.
- Kostnað vegna reglubundins viðhalds eða varahluta, svo sem eldsneytis, smurefna, olíuskipta, stillinga, sía, kerta eða loftsía.
- Sjálfvirkar vörur sem greina ekki tiltekna hluti sem ekki hafa verið skilgreindir í útilokunarsvæðum eða fjarlægðir af vinnusvæði áður en sjálfvirk notkun hefst, og tjón sem hlýst af árekstrum við slíka hluti, eða vegna umhverfisaðstæðna sem hafa áhrif á virkni skynjara, svo sem regns, þoku eða rusls.

Almennir skilmálar

Viðgerð hjá vottuðum dreifingar- eða söluaðila Toro er þitt eina úrræði samkvæmt þessari ábyrgð.

Toro Company ber ekki ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð. Engin önnur bein ábyrgð er í boði, utan útblásturs- eða rafhlöðuábyrgðarinnar sem vísað er til hér að ofan, ef hún á við. Allar óbeinar ábyrgðir á söluhæfi og notagildi takmarkast við endingartíma þessarar beinu ábyrgðar.

Áthugasemd um útblástursábyrgð

Útblástursstjórnkerfi vörunnar þinnar kann að falla undir aðskilda ábyrgð sem uppfyllir kröfur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og/eða loftslagsráðs Kaliforníu (CARB). Vinnustundamörk sem gefin eru upp hér á undan tengjast ekki ábyrgð útblástursstjórnkerfisins. Frekari upplýsingar eru í ábyrgðaryfirlýsingu fyrir útblástursstjórnkerfi sem fylgir vörinni eða er að finna í fylgiskjöllum vélarframleiðanda.